



Alþýðusamband Íslands

Maí 2012

Endurskoðuð hagspá hagdeildar ASÍ fyrir árin 2012 - 2014

Endurskoðuð spá hagdeildar ASÍ gerir ráð fyrir að landsframleiðsla aukist um rétt 2% á ári næstu þrjú árin. Þetta er aðeins meiri hagvöxtur en spáð var fyrir um í febrúar sem skýrist af því að nú er gert ráð fyrir að einkaneysla muni aukast. Þá er gert er ráð fyrir að ráðstöfunartekjur aukist nokkuð sem meðal annars má rekja til áframhaldandi launahækkana, batnandi atvinnuástands og endurbóta á húsaleigu-, vaxta- og barnabótakerfinu. Endurbæturnar munu að hluta til vega upp á móti skerðingu á ráðstöfunartekjunum sem verða þegar tímabundnum aðgerðum til stuðnings skuldugum heimilum sleppir. Þrátt fyrir aukna verðbólgu gerir hagdeildin ráð fyrir að kaupmáttur ráðstöfunartekna vaxi allan spátímann sem aftur ýtir undir neyslu heimilanna. Gert er ráð fyrir að einkaneysla aukist um ríflega 3% í ár og 1,3% á næsta ári og 2,2% árið 2014.

Staðan á vinnumarkaði verður áfram erfið en batnar í takt við jákvæðar horfur í efnahagslífinu. Í ár er gert ráð fyrir að atvinnuleysið verði að meðaltali 6,2% af mannafla, 5,0% á næsta ári og verði komið í 4,6% árið 2014.

YFIRLIT YFIR SPÁ HAGDEILDAR ASÍ

	Í ma.kr. 2010	Áætlun 2011	Spá 2012	Spá 2013	Spá 2014
Hlutfallsleg breyting					
Einkaneysla	787,4	4,0	3,2	1,3	2,2
Samneysla	398,6	-0,6	-0,6	0,0	0,5
Fjármunamyndun	197,4	13,4	7,0	14,0	-0,5
þar af atvinnuvegir	119,8	25,8	11,4	16,8	-3,0
þar af húsnæði	35,5	8,6	8,0	12,0	10,2
þar af hið opinbera	42,0	-17,6	-16,5	0,0	1,0
Þjóðarútgjöld	1.380,0	4,7	2,5	2,9	1,3
Útflutningur	861,3	3,2	2,6	1,6	1,9
Innflutningur	707,0	6,3	3,2	3,1	0,7
Landsframlæiðsla	1.534,2	3,1	2,2	2,1	1,9
Verðbólga ¹		4,0	5,1	3,9	2,3
Atvinnuleysi ²		7,4	6,2	5,0	4,6
Gengisvísitala ³		217	221	216	209
Viðskiptajöfnuður ⁴		-0,6	2,7	0,9	1,4

¹ Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

² Hlutfall af áætluðum mannafla

³ Ársmeðaltal

⁴ Hlutfall af landsframlæiðslu án innlánsstofnana í slítameðferð

Áfram er gert ráð fyrir aðhaldi í rekstri ríkisins og að afgangur verði á svo kölluðum frumjöfnuði á yfirstandandi ári, þ.e. jöfnuður að undanskildum vaxtagjöldum og vaxtatekjum, og heildarjöfnuði verði náð árið 2014. Gert er ráð fyrir að samneyslu útgjöld ríkis og sveitarfélaga dragist lítillega saman á þessu ári eða um 0,6%, verði óbreytt á næsta ári en taki að vaxa lítillega árið 2014.

Fjárfestingar

Nokkrar breytingar hafa orðið á spám um fjárfestingar á næstu misserum. Ekki er lengur gert ráð fyrir byggingu kísilvers í Helguvík, þar sem orkusamningum hefur verið rift og óvissa ríkir um hvort og þá hvenær nýir samningar nást. Í þessari spá er gert ráð fyrir að stálendurvinnsla verði reist á Grundartanga, sem taki til starfa í lok þessa árs.

Einnig hafa orðið tafir hafa orðið á ýmsum opinberum og hálfopinberum framkvæmdum. Í spánni er gert ráð fyrir seinkun framkvæmda um a.m.k. hálf ár við byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði, byggingu nýs Landsspítala og framkvæmdum við Vaðlaheiðargöng.

Vöxtur atvinnuvegafjárfestinga skýrist að meginhluta af framkvæmdum við endurbætur á álverinu í Straumsvík og tengdum orkuversframkvæmdum, hálfopinberum framkvæmdum sem fjármagnaðar eru með einkafjármagni og byggingu stálendurvinnslu á Grundartanga. Spáin gerir ráð fyrir að fjárfestingar atvinnveganna aukist um ríflega 11% í ár, tæp 17% á næsta ári en dragist saman um 3%, þegar framkvæmdum við endurbætunum á álverinu í Straumsvík lýkur.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingar í íbúðahúsnæði aukist um 8% í ár, 12% á næsta ári og 10,2% árið 2014.

Gert er ráð fyrir að fjárfestingar ríkis og sveitarfélaga haldi áfram að dragast saman á þessu ári og þær dragist saman um ríflega 16%. Þær verði óbreyttar á næsta ári en taki að aukast lítillega árið 2014. Hagdeildin spáir því að heildarfjárfestingar aukist um 7% í ár, 14% á næsta ári en dragist lítillega saman árið 2014.

Inn- og útflutningur eykst

Horfur eru á að útflutningur aukist á yfirstandandi ári um 2,6%. Í ár er gert ráð fyrir aukinni framleiðslu í endurbættu álveri í Straumsvík, ásamt því að gert er ráð fyrir auknum útflutningi sjávarafurða m.a. vegna aukins loðnafla á fyrri hluta þessarar árs og auknum veiðiheimildum á þorski á næsta fiskveiðiári. Á næsta ári er gert ráð fyrir að útflutningur aukist um 1,6% og um 1,9% á árinu 2014.

Innflutningur heldur áfram að aukast á næstu misserum, í takt við aukna neyslu heimilanna og auknar fjárfestingar. Gert er ráð fyrir að innflutningur aukist um 3,2% í ár og 3,1% á næsta ári. Árið 2014 er gert ráð fyrir að innflutningur aukist lítillega eða um 0,7% þegar endurbótum við álverið í Straumsvík lýkur.

Þrátt fyrir vaxandi innflutning er gert er ráð fyrir myndarlegum afgangi af viðskiptum með vörur og þjónustu við útlönd á næstu misserum. Miklar vaxtagreiðslur af erlendum lánnum draga hins vegar úr afgangnum. Hagdeildin gerir þó ráð fyrir að afgangur verði á heildarviðskiptum við útlönd allan spátímann.

Krónan áfram veik

Reiknað er með að verðbólga hafi náð hámarki á 1. ársfjórðungi þessa árs og fari lækkandi þegar líður á spátímann. Styrking krónunnar og lækkandi olíuverð á næstu misserum mun draga úr verðbólgunni en hækkandi fasteignaverð mun ýta undir hana. Gert er ráð fyrir að verðbólga verði 5,1% á milli 2011 og 2012, að hún verði komin í 3,9% á milli árána 2012 og 2013 og við lok spátímans verði hún um 2%.

Gert er ráð fyrir að afgangur af viðskiptum við útlönd skili sér í lítilsháttar styrkingur krónunnar á næstu misserum. Hagdeildin gerir ráð fyrir því að gengi íslensku krónunnar styrkist á spátímanum um tæp 4%. Gengisvísitala krónunnar verði þá komin í 209 stig að meðaltali árið 2014 og gengi krónunnar gagnvart evru verði 151,6. Gert er ráð fyrir ströngu aðhaldi í peningamálu og haldið verði áfram að létta á gjaldeyrishöftum á spátímanum.